




## Samþykkt um laun, þóknanir og starfskjör kjörinna fulltrúa Dalvíkurbyggðar

### 1. Tilgangur og markmið:

Samþykkt þessi fjallar um þóknun fyrir störf kjörinna fulltrúa samkvæmt Samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 25. gr. um þóknun o.fl. og sbr. 44.gr. um þóknun.

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

-  Að fulltrúar sveitarfélagsins fái hæfilega þóknun og sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
-  Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum.
-  Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

### 2. Viðmið launa:

Laun fyrir störf í sveitarstjórn, byggðaráði, fagráðum og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfararkaupi sem er kr. 1.379.222 frá 1. júlí 2023.

Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 – 31. desember 2024 tekur viðmiðunarfjárhæð þó engum breytingum.

### 3. Laun og þóknanir:

Launum kjörinna fulltrúa er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en þau snúa að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundasetur í ráðum og nefndum, vinna í málefnum sveitarfélagsins á milli funda, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum við aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varðar sveitarstjórnarmál, lestur ýmissa skýrslna og fundargerða, samskipti við íbúa sveitarfélagsins. Föstum launum og fundaðþóknunum er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru. Í launum og þóknunum forseta og formanna felst m.a. undirbúningur og fundir vegna fundarboðs og fundarstjórn.

Forseti sveitarstjórnar og formaður byggðaráðs fá fastar greiðslur og fá þannig ekki greitt sérstaklega fyrir fundi.

Stærri nefndir: Félagsmálaráð, Fræðsluráð, Íþrótt- og æskulýðsráðs, Umhverfis- og dreifbýlisráð, Skipulagsráð, Veitu- og hafnaráð.

Minni nefndir: Menningarráð, Ungmennaráð fær greitt 50% af þóknun menningarráðs.

18,00%	Forseti sveitarstjórnar, er líka aðalmaður í byggðaráði
8,00%	Aðalmenn í sveitarstjórn
12,00%	Ef líka aðalmenn í byggðaráði
3,00%	Varamenn í sveitarstjórn
24,00%	Formaður byggðaráðs, er líka aðalmaður í sveitarstjórn
3,00%	Aðalmenn í byggðaráði
3,00%	Varamenn í byggðaráði
6,00%	Formenn fagráða og nefnda, stærri nefndir
3,00%	Aðalmenn fagráða og nefnda, stærri nefndir
3,00%	Varamenn fagráða og nefnda, stærri nefndir
5,00%	Formenn fagráða og nefnda, minni nefndir
3,00%	Aðalmenn fagráða og nefnda, minni nefndir
3,00%	Varamenn fagráða og nefnda, minni nefndir
5,00%	Formaður vinnuhóps/starfsnefnd - formlegur
3,00%	Aðalmaður í vinnuhópi-formlegur
3,00%	Varamaður í vinnuhópi-formlegur
2,50%	Formaður ungmennaráðs
1,50%	Aðalmenn og varamenn í ungmennaráði

Með vísan í viðmið Sambands íslenskra sveitarfélaga þá er gert ráð fyrir ákveðnu vinnuframlagi kjörinna fulltrúa í samræmi við launakjör þeirra. Dæmi um útreikninga á áætluðu vinnuframlagi og stöðugildi er meðfylgjandi ásamt upplýsingum um útreikninga á launakjörum samkvæmt þingfararkaupi.

#### 4. Þóknun kjörstjórna:

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR, lfl. 140. Orlof er ekki greitt. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum

skv. tímaskráningu formanns kjörstjórnar. Einnig er greitt fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók.

Kjörstjórn fær jafnframt greitt fundþóknun samkvæmt skráningu fundargerða og tekur fundþóknun miðað af þóknun fyrir störf í stærri nefndum, sbr. liður 3 hér að ofan. Greiðslur til starfsmanna við framkvæmd kosninga vegna dyravörslu o.fl. taka mið af launaflokki 121 skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR.

## 5. Lífeyrissjóður og önnur launatengd gjöld:

Nefndarmenn greiða Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga A- deild, 4% af heildarlaunum í iðgjald. Dalvíkurbyggð greiðir mótframlag vinnuveitanda eins og það er á hverjum tíma samkvæmt reglum sjóðsins og kjarasamningi KJALAR og Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú 11,5%. Í þeim tilvikum sem nefndarmaður greiðir viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir Dalvíkurbyggð framlag á móti allt að 2% gegn framlagi nefndarmanns. Dalvíkurbyggð greiðir jafnframt framlag í Endurhæfingarsjóð 0,1%.

## 6. Veikindaréttur:

Kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og byggðarráði skal halda föstum mánaðarlaunum ef hann er tímabundið forfallaður frá störfum sínum vegna slyss eða veikinda gegn framvísun veikindavottorðs, en þó að hámarki í 6 mánuði en þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins. Forfallist formenn ráða og nefnda í lengri tíma en einn mánuð tekur varaformaður laun sem formaður á meðan hann gegnir því starfi.

## 7. Fæðingar- og foreldraorlof:

Um rétt sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

## 8. Tryggingar:

Sveitarstjórnarfulltrúar eru slysatryggðir í vinnu í samræmi við almenna skilmála og samkvæmt váttryggingum sveitarfélagsins við tryggingafélag þess.

## 9. Laun í orlofi og leyfi:

Ef aðalmaður í byggðaráði og/eða í sveitarstjórn fær tímabundið leyfi frá störfum þá falla mánaðarlaun niður þann tíma og sá sem tekur tímabundið við fær greidd mánaðarlaun í staðinn fyrir sama tímabil. Sveitarstjórnarfulltrúar fá greidd full laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur. Ekki er greitt orlof á laun samkvæmt reglum þessum.

## 10. Fundir, ráðstefnur, þing og kynnisferðir:

Sveitarstjórnarfulltrúar og nefndarmenn fá ekki greiðslur fyrir fundarsetu á fundum, þingum og ráðstefnum, né fyrir þátttöku í kynnisferðum sem sveitarstjórnarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Greitt er þáttökugjald í þeim tilvikum sem um það er að ræða ef fyrir liggur fyrirfram samþykki fyrir því.

## 11. Ferðakostnaður

### I) Ferðakostnaður – akstur á fundi:

Greitt er fyrir akstur ef fjarlægð er 5 km og meira, þ.e. miðað er við 10 km fram og til baka.

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

Vegna starfa sinna í þágu sveitarfélagsins umfram reglulega fundi eiga kjörnir fulltrúar hjá Dalvíkurbyggð rétt á að fá greiðslur á ferðakostnaði og öðrum útlögðum kostnaði vegna funda, ráðstefna o.s.frv. sem þeir sækja, sem hér segir:

### II) Ferðakostnaður innanlands:

a) Greiddur skal akstur skv. kílómetragjaldi nema í þeim tilfellum þar sem hægt er að fljúga á milli staða, sbr. forsendur með fjárhagsáætlun. Í þeim tilfellum þar sem hægt er að fljúga á milli staða skal endurgreiðsla taka mið af flugfargjöldum, ef kjörnir fulltrúar kjósa fremur að aka.

b) Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ef ekki er unnt að leggja fram reikning. Dagpeningar á ferðalögum innanlands skulu vera þeir sömu og ríkið greiðir til starfsmanna samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Dalvíkurbyggð greiðir ekki fyrir áfenga drykki kjörinna fulltrúa, þó er samþykkt að greiða fyrir að hámarki 2 glös af léttu víni með máltíð.

c) Dalvíkurbyggð greiðir þáttökugjöld á ráðstefnur, námskeið o.s.frv. samkvæmt reikningum til sveitarfélagsins. Ef þáttökugjöld eru greidd af kjörnum fulltrúa skal hann fá reikning fyrir útlögðum gjöldum og framvísa með kostnaðaruppgjöri.

d) Ef gisting, fæði o.s.frv. er innifalið í þáttökugjaldi að hluta eða í heild þá eru dagpeningar ekki greiddir að hluta og/eða í heild sinni.

e) Ef sveitarfélagið greiðir beint reikninga sem berast Dalvíkurbyggð vegna gistingar, fæðis, flugs, bílaleigubíls o.s.frv. þá koma þær greiðslur inni í uppgjör til kjörinna fulltrúa hvað varðar greiðslur á dagpeningum og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

- f) Dalvíkurbyggð greiðir ekki mögulega launaskerðingu kjörinna fulltrúa vegna aðalstarfs/starfa þeirra.
- g) Samþykki fyrir og/eða tillaga um að kjörnir fulltrúar sækir ráðstefnur, námskeið o.s.frv. þarf að liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.
- h) Kostnaður vegna ferðalags (ferðakostnaður og gisting) innanlands á vegum Dalvíkurbyggðar skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Kjörnir fulltrúar skulu skila inn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar útfylltu eyðublaði vegna Ferða- og aksturskostnaðar ásamt akstursbók þar sem við á. Eyðublaðið er aðgengilegt á þjónustugátt sveitarfélagsins.
- i) Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi kjörnum fulltrúa og til staðfestingar á greiðslu skal sveitarstjóri eða ef við á viðkomandi sviðstjóri samþykkja uppgjörið.
- j) Kostnaður skv. ofangreindu færir á viðeigandi kostnaðarstað í bókhaldi sveitarfélagsins.








### III) Ferðakostnaður erlendis:

- a) Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar eða önnur fullnægjandi gögn.
- b) Annar ferðakostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum sé um það samkomulag eða ef ekki er unnt að leggja fram reikning. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði. Dalvíkurbyggð greiðir ekki fyrir áfenga drykki kjörinna fulltrúa, þó er samþykkt að greiða fyrir að hámarki 2 glös af léttu víni með máltíð.
- c) Dalvíkurbyggð greiðir ekki mögulega launaskerðingu kjörinna fulltrúa vegna aðalstarfs/starfa þeirra.
- d) Samþykki fyrir og/eða tillaga um að kjörnir fulltrúar sækir ráðstefnur, námskeið o.s.frv. þarf að liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.
- e) Kostnaður vegna ferðalags erlendis á vegum Dalvíkurbyggðar skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Kjörnir fulltrúar skulu skila inn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar útfylltu eyðublaði vegna Ferða- og aksturkostnaðar, ásamt akstursbók þar sem við á. Eyðublaðið er aðgengilegt á þjónustugátt sveitarfélagsins.
- f) Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi kjörnum fulltrúa og til staðfestingar á greiðslu skal sveitarstjóri eða ef við á viðkomandi sviðsstjóri samþykkja uppgjörið.
- g) Kostnaður skv. ofangreindu færir á viðeigandi kostnaðarstað í bókhaldi sveitarfélagsins.

## 12) Vinnuhópar, vinnureglur og nánari skýringar:

Ákveði sveitarstjórn eða byggðaráð að setja á fót launaðan vinnuhóp þarf að koma fram í bókun ráðs ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktari fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki byggðaráðs fyrir viðauka vegna starfs vinnuhóps áður en vinna hópsins hefst. Við upphaf starfs slíkra hópa skal liggja fyrir erindisbréf sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar og/eða byggðaráðs áður en vinna hópsins hefst.




Í erindisbréfi skal eftirfarandi koma fram:

-  hver skipaði hópinn,
-  hvert hlutverk hans er,
-  hvaða fulltrúar eru í hópnum,
-  tímaáætlun þ.e., hvenær hópurinn mun hefja störf og hvenær hann á að skila af sér,
-  áætlun um fjölda funda hópsins og
-  hvort lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu,
-  einnig skal koma fram í erindisbréfi að skila eigi inn afritum af undirrituðum fundargerðum til launadeildar.

Greiðsla nefndarlauna vegna vinnu í starfshópum fer fram samkvæmt ljósritum af undirrituðum fundargerðum eða þegar vinnu lýkur formlega, með skilum fundargerða til launadeildar. Starfsmenn sveitarfélagsins fá ekki greiðslur fyrir slíka fundi. Fulltrúar sem sveitarstjórn eða fastanefnd kys skv. reglugerðum eða samþykktum í stjórnir og ráð fá greitt samkvæmt lið 3 hér að ofan ef samþykkt er að greiða kjörnum fulltrúum laun í vinnuhópi. Sveitarstjóri úrskurðar um vafaatriði vegna vinnuhópa.

Sjá einnig um skipun stýrihópa og rýnihópa í Samþykkt um fjárhagsáætlunarferli Dalvíkurbyggðar.

## 13) Ýmis ákvæði:

-  Ef aðalmaður boðar varamann fyrir sig á fund til að sitja jafnvel einn dagskrárlið vegna vanhæfis aðalmanns þá fær varamaðurinn ekki greidda fundabóknun.
-  Ef kjörinn fulltrúi er jafnframt starfsmaður sveitarfélagsins og mætir á launaðan fund á vinnutíma þá skal ekki skrá fjarveru hans sem launalaust leyfi eða orlof, enda fær hann svigrúm til að vinna störf og verkefni sín síðar. Sama á við ef um ólaunaðan fund er að ræða á vinnutíma.
-  Ekki er um greiðslur að ræða til kjörinna fulltrúa fyrir tilfallandi fundi og/eða viðburði, s.s. fræðsla innanhúss, námskeið, ráðstefnur.

## 14) Starfsumhverfi kjörinna fulltrúa:

Eftirfarandi á við um hlutverk, verkefni og skyldur kjörinna fulltrúa Dalvíkurbyggðar en er ekki tæmandi listi:

- a) Samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar með síðari breytingum;  
[https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/PDF/Fjarmala-stjornsyslu/2022/samthykktdb-auglysing-nr\\_408\\_2022.pdf](https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/PDF/Fjarmala-stjornsyslu/2022/samthykktdb-auglysing-nr_408_2022.pdf)  
Um verkefni og hlutverk sveitarstjórnar er kveðið á um í 4. og 5. gr. Samþykktanna og um verkefni byggðaráðs er kveðið á um þau í 32. gr. og 47. gr.
- b) Síðareglur kjörinna fulltrúa í Dalvíkurbyggð;  
<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Stefnur-reglur/230124.sidareglur-kjorinna-fulltrua.pdf>
- c) Erindisbréf fagráða sem og tilfallandi nefnda og vinnuhópa;  
<https://www.dalvikurbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/erindisbref>
- d) Reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti;  
<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Annad/Mannaudsstefna/141125.reglur-um-abyrgdarmork-og-starfshaetti.pdf>

Skýrsla verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa frá nóvember 2022 er höfð til hliðsjónar eftir því sem við á;

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/IRN/Frettatengd-skjol/Sk%C3%BDrsla%20verkefnisstj%C3%B3rnar%20um%20starfsa%C3%B0st%C3%A6%C3%B0ur%20kj%C3%B6rinn%20fulltr%C3%BAA%20n%C3%B3v2022.pdf>

Kappkostað verði að veita kjörnum fulltrúum fræðslu, sérstaklega í upphafi hvers kjörtímabils, jafnt og þétt allt kjörtímabilið meðal annars með þátttöku í Sveitarfélagaskólanum

<https://www.samband.is/verkefnin/stjornsysla/sveitarfelagaskolinn/>. Jafnframt er æskilegt að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Ef ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði í fjárhagsáætlun hverju sinni þarf að leita samþykki sveitarstjórnar vegna kostnaðar sem af hlýst vegna námskeiða kjörinna fulltrúa. Samþykki þarf að liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

*Samþykkt á 1092. fundi byggðaráðs þann 11.01.2024.*

*Samþykkt á 365. fundi sveitarstjórnar þann 23.01.2024.*



DALVÍKURBYGGÐ

# Dalvíkurbyggð

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**





## Launakjör kjörinna fulltrúa Dalvíkurbyggðar frá og með 1. janúar 2024

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar þann 19.09.2023.

Hlutfall af þingfararkaupi:	Þingfararkaup 1. júlí 2023 kr. 1.379.222	Föst mánaðar laun:		Föst greiðla per mánuð:	
		Greiðsla per fund:	Greiðslur per fund:	Greiðsla per mánuð:	Greiðslur per fund:
18,00%	Forseti sveitarstjórnar, er líka aðalmaður í byggðaráði	248.260	0	413.767	0 *
8,00%	Aðalmenn í sveitarstjórn	110.338	41.377	110.338	41.377
12,00%	Ef líka aðalmenn í byggðaráði	165.507	41.377	165.507	41.377
3,00%	Varamenn í sveitarstjórn	0	41.377	0	41.377
24,00%	Formaður byggðaráðs, er líka aðalmaður í sveitarstjórn	331.013	0	441.351	0 *
3,00%	Aðalmenn í byggðaráði	0	41.377	0	41.377
3,00%	Varamenn í byggðaráði	0	41.377	0	41.377
6,00%	Formenn fagráða og nefnda, stærri nefndir	0	82.753	0	82.753
3,00%	Aðalmenn fagráða og nefnda, stærri nefndir	0	41.377	0	41.377
3,00%	Varamenn fagráða og nefnda, stærri nefndir	0	41.377	0	41.377
5,00%	Formenn fagráða og nefnda, minni nefndir	0	68.961	0	68.961
3,00%	Aðalmenn fagráða og nefnda, minni nefndir	0	41.377	0	41.377
3,00%	Varamenn fagráða og nefnda, minni nefndir	0	41.377	0	41.377
5,00%	Formaður vinnuhóps/starfsnefnd - formlegur	0	68.961	0	68.961
3,00%	Aðalmaður í vinnuhópi-formlegur	0	41.377	0	41.377
3,00%	Varamaður í vinnuhópi-formlegur	0	41.377	0	41.377
2,50%	Formaður ungmennaráðs	0	34.481	0	34.481
1,50%	Aðalmenn og varamenn í ungmennaráði	0	20.688	0	20.688

\* Forseti sveitarstjórnar og formaður byggðaráðs fá fastar greiðslur, þ.e. ekki greitt sérstaklega fyrir fundi. Aðrar greiðslur, heilir og hálfir dagar detta út frá og með 1.1.2024 hjá öllum.

**Stærri nefndir:**

Skípulagsráð, Veitu- og hafnaráð, Fræðsluráð

Íþrótt- og æskulýðsráð, Umhverfis- og dreifbýlisráð, Félagsmálaráð

**Minni nefndir;**

Menningarráð

Ungmennaráð 50% af menningarráði.

**D/EMI:**

Útreikningar sem sýna breytingar frá 2023 miðað við ef einn fundur í sveitarstjórn og 3 fundir í byggðaráði per mánuð:

Einn fundur per mánuð í fagráðum:

	Frá Var 2023:	Mismun 1.1.2024:	Mismun ur:	Mismun ur:	Áætlað vinnufram lag **	Áætlað stöðugildi út frá klst:
Forseti sveitarstjórnar	365.330	413.767	48.437	13,26%	67	38,56%
Formaður byggðaráðs	365.330	441.351	76.021	20,81%	71	41,13%
Aðalmaður í sveitarstjórn	118.732	151.715	32.983	27,78%	25	14,14%
Aðalmaður í sveitarstjórn og byggðaráði	292.264	331.015	38.751	13,26%	36	20,78%
Formaður ráða, stærri	54.801	82.753	27.952	51,01%	13	7,71%
Aðalmenn í ráðum, stærri	27.400	41.377	13.977	51,01%	7	3,86%

\*\* Vinnuframlag í klst á mánuði miðað við viðmið Sambands íslenskra sveitarfélaga og miðað við 173, 33 vinnustundir á mánuði